

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 24. mars 2026

Mál nr. S-5001/2025:

## Héraðssaksóknari

(Sigríður Árnadóttir aðstoðarsaksóknari)

## gegn

## Kristjáni Georg Jósteinssyni

(Heiðar Ásberg Atlason lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 26. febrúar 2026, var höfðað með ákæru, útgefinni af Héraðssaksóknara 11. september 2025, á hendur Kristjáni Georg Jósteinssyni, kt. [...], búsettum á Spáni,

„fyrir meiri háttar skattalagabrot með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2015 til og með 2018, vegna tekjuáranna 2014 til og með 2017, með því að hafa látið undir höfuð leggjast að telja annars vegar fram úttektir úr rekstri KFK ehf., Fastrek ehf. og Neostar 75 76 SL, að fjárhæð samtals 54.112.397 krónur, sem skattskyldar voru sem tekjur samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. einnig 19. og 21. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, og hins vegar með því að vanframtelja 32.890.111 krónur, sem bárust inn á bankareikning ákærða með skýringunni „Innborgun á reikning verslunar“, en fjármunirnir eru skattskyldir sem tekjur samkvæmt 1. mgr. 7. gr. sbr. 9. tölulið C-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt, sbr. einnig 19. og 21. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Með framangreindum hætti vanframtaldi ákærði tekjur sínar um samtals 87.002.508 krónur og komst hjá því að greiða tekjuskatt og útsvar að fjárhæð samtals 38.792.544 krónur, sem sundurliðast sem hér greinir:

### Tekjuárið 2014

Framtalinn tekjuskattsstofn:	3.524.056
Vanframtaldar tekjur:	15.538.201

Tekjuskattur, skattprósenta 25,3%	1.490.517
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	855.427
(Tekjur af stofni kr. 3.480.000 - 9.415.428 kr.)	

Tekjuskattur, skattprósenta 31,8%	3.067.692
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	1.400.720

(Tekjur af stofni yfir kr. 9.415.428)

Ónýttur persónuafsláttur	-
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>6.814.356</i>

### **Tekjuárið 2015**

Framtalinn tekjuskattsstofn:	6.864.400
Vanframtaldar tekjur:	14.127.300

---

Tekjuskattur, skattprósenta 25,3%	802.629
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	460.639
(Tekjur af stofni kr. 3.709.680 - 10.036.847 kr.)	

Tekjuskattur, skattprósenta 31,8%	3.483.643
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	1.590.645
(Af stofni yfir kr.10.036.847)	

Ónýttur persónuafsláttur	-
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>6.337.556</i>

### **Tekjuárið 2016:**

Framtalinn tekjuskattsstofn:	2.880.001
Vanframtaldar tekjur:	5.311.470

---

Tekjuskattur, skattprósenta 22,68 %	261.369
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	167.331
(Tekjur af stofni kr. 0 - 4.032.420)	

Tekjuskattur, skattprósenta 23,9 %	994.013
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52%	603.894
(Tekjur af stofni kr. 4.032.420-10.043.880)	

Ónýttur persónuafsláttur	-
<i>Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:</i>	<i>2.026.607</i>

**Tekjuárið 2017:**

Framtalinn tekjuskattsstofn:	4.810.000
Vanframtaldar tekjur	52.025.537

---

Tekjuskattur, skattprósenta 22,5 %	1.171.460
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52% (Tekjur af stofni kr. 0-10.016.488)	755.982

Tekjuskattur, skattprósenta 31,8 %	14.888.458
Útsvar, útsvarsprósenta 14,52% (Tekjur af stofni yfir kr. 10.016.488)	6.798.126

Ónýttur persónuafsláttur -

*Vangreiddur tekjuskattur og útsvar samtals:* 23.614.025

**Vangreiddur tekjuskattur og útsvar öll árin 38.792.544**

-----

Framangreind brot ákærða telst varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er krafist að ákærði sæti upptöku 780 CAD, 55BP, 115 EUR, 4.500 DKK, 900 NOK, 96 USD og 270.080 kr. með vísan til VII. kafla A. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, einkum 69. gr. og 69. gr. b., en fjármunirnir voru haldlagðir af héraðssaksóknara í þágu málsins 25. mars 2019. Ofangreindar upptökukröfur taka einnig til áfallinna vaxta og verðbóta af hinum haldlögðu verðmætum frá haldlagningardegi til upptökudags.“

2. Við upphaf aðalmeðferðar leiðrétti ákæruvaldið innsláttarvillu í upptökukröfu í ákæru á þann veg að í stað „55BP“ kæmi „550 GBP“.
3. Ákærði skilaði greinargerð í málinu 11. desember 2025. Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins, en til vara að ákærða verði ákvörðuð vægasta refsing sem lög leyfa. Í báðum tilvikum er þess krafist að allur sakarkostnaður, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, verði greiddur úr ríkissjóði.

### *Helstu málsatvik*

4. Þann 9. febrúar 2019 hóf skattrannsóknarstjóri ríkisins rannsókn á skattskilum ákærða vegna tekjuáranna 2014 til 2017. Tengdist málið rannsókn héraðssaksóknara og skattrannsóknarstjóra á starfsemi félagsins KFK ehf. sem rak skemmtistaðinn Shooters í Austurstræti 12a, en ákærði stjórnaði þar daglegri starfsemi. Skýrsla skattrannsóknarstjóra um niðurstöður rannsóknarinnar var send ákærða og verjanda hans 14. apríl 2021 og ákærða gefinn kostur á að koma að andmælum. Andmæli af hálfu ákærða bárust með bréfi 14. maí 2021. Þóttu andmælin ekki gefa tilefni til breytinga á niðurstöðum rannsóknarinnar. Skattrannsóknarstjóri vísaði málinu til héraðssaksóknara 17. september 2021 til áframhaldandi rannsóknar og ákvarðanatöku um refsimeðferð. Að lokinni rannsókn héraðssaksóknara, sem komst að efnislega sömu niðurstöðu og skattrannsóknarstjóri, var ákæra síðan gefin út 11. september 2025 á hendur ákærða.
5. Helstu niðurstöður framangreindra rannsókna á skattskilum ákærða voru þær að hann hafi staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2015 til 2018.
6. Ákærði hafi ekki gert grein fyrir eignarhaldi sínu á félaginu Neostar Capital Ltd., Neostar 7576 SL. og hlutafjáreign í Fastrek ehf. á innsendum skattframtölum vegna tímabilsins.
7. Þá hafi hann látið hjá líða að gera grein fyrir erlendum bankareikningum í sinni eigu á innsendum skattframtölum.
8. Á tímabilinu hafi ákærði vanframtalið tekjur að fjárhæð 2.086.860 krónur á tekjuárinu 2016 og krónur 41.612.380 á tekjuárinu 2017 eða samtals 43.699.240 vegna úttekta úr rekstri KFK ehf. Umræddar úttektir bæri að skattleggja samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Rannsókn á bókhaldi og skattskilum KFK ehf. hafi leitt í ljós að ákærði hafi séð um daglegan rekstur félagsins ásamt því að vera með prókúru á bankareikning þess á tímabilinu.
9. Rannsóknin hafi einnig leitt í ljós að ákærði hafi vanframtalið tekjur að fjárhæð 5.163.432 krónur á tekjuárinu 2017 vegna úttekta úr Fastrek ehf. (áður VIP Travel ehf.) sem skattleggja bæri samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga númer 90/2003.
10. Þá hafi ákærði vanframtalið greiðslur samtals að fjárhæð 5.249.725 krónur á tekjuárinu 2017 frá Neostar 7576 SL. inn á erlendan bankareikning hans sem skattleggja bæri samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga númer 90/2003.
11. Ennfremur hafi ákærði vanframtalið tekjur að fjárhæð 15.538.201 króna vegna tekjuársins 2014, 14.127.300 krónur vegna tekjuársins 2015 og 3.224.610 krónur vegna tekjuársins 2016, eða samtals 32.890.111 krónur á tímabilinu vegna greiðslna inn á bankareikning hans hjá Íslandsbanka sem stöfuðu frá notkun greiðsluposa í hans eigu, en samkvæmt yfirliti yfir bankareikning ákærða hafi framangreindar greiðslur verið merktar sem "Innborgun á reikning verslunar". Í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra hafi ákærði kosið að tjá sig ekki um hvaða innborganir þetta væru eða hvers vegna hann hafi verið með greiðsluposa tengdan við sinn persónulega bankareikning. Skattleggja bæri

greiðslurnar samkvæmt upphafsákvæði 7. gr. laga númer 90/2003, sbr. 9. tl. C-liðar sömu lagagreinar.

12. Aðspurður í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra um innborganir á bankareikning sinn hjá Sabadell banka á Spáni á árinu 2017 samtals að fjárhæð 6.481.300 krónur kaus ákærði að tjá sig ekki. Hinu sama gegndi um innborganir á bankareikning ákærða hjá Satabank á Möltu frá KFK ehf., Neostar 7576 SL. og VIP Travel ehf. (síðar Fastrek ehf.) sem námu samtals 4.957.096 krónum 2016 og 15.871.083 krónum 2017.
13. Varðandi vanframtaldar tekjur í formi úttekta ákærða úr KFK ehf. kom nánar fram í skýrslunni að eftir yfirferð yfir viðskiptareikning ákærða hjá félaginu og greiðslur frá félaginu inn á erlenda bankareikninga hans væri það niðurstaða skattrannsóknarstjóra að vanframtalin úttekt hans úr félaginu næmi samtals 2.086.860 krónum á rekstrarárinu 2016 og 41.612.380 krónum á rekstrarárinu 2017 eða samtals 43.699.240 krónum.
14. Hvað snerti úttektir ákærða úr Fastrek ehf. yrði ekki séð að greiðslur sem hann fékk frá félaginu inn á erlendan bankareikning sinn á Möltu hafi verið færðar á hreyfingalista hans hjá félaginu. Að teknu tilliti til viðskiptareiknings ákærða hjá félaginu og greiðslna frá félaginu inn á erlendan bankareikning hans væri það niðurstaða skattrannsóknarstjóra að vanframtalin úttekt hans úr félaginu næmi samtals 5.163.432 krónum á rekstrarárinu 2017.
15. Skattrannsóknarstjóri sendi ákærða tilkynningu 16. nóvember 2022 um fyrirhugaða endurákvörðun opinberra gjalda hans gjaldárin 2015 til og með 2018 á grundvelli niðurstöðu skattrannsóknarstjóra þess efnis að ákærði hafi vanframtalið tekjur sínar um samtals 87.002.508 krónur á tekjuárunum 2014 til og með 2017. Andmæli ákærða bárust 20. desember 2022, en þau þóttu ekki gefa tilefni til breytinga og kvað skattrannsóknarstjóri upp úrskurð 13. apríl 2023 þar sem opinber gjöld ákærða voru endurreiknuð með hliðsjón af niðurstöðu rannsóknarinnar. Ákærði kærði ekki niðurstöðu skattrannsóknarstjóra um endurákvörðun opinberra gjalda til yfirskattanefndar.
16. Ákærði gaf skýrslu hjá héraðssaksóknara 28. september 2023, 2. maí 2024 og 5. júní 2024. Áður hafði hann gefið skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra 30. apríl 2019, 10. september 2019 og 11. september 2019. Neitaði ákærði nær alfarið að tjá sig í skýrslutökum hjá skattrannsóknarstjóra. Að framburði ákærða hjá héraðssaksóknara verður vikið í niðurstöðukafla eftir því sem þurfa þykir.
17. Ákærða var gefinn kostur á að koma að gögnum máli sínu til stuðnings hjá skattrannsóknarstjóra og hjá héraðssaksóknara, en gerði það ekki.

#### *Framburðir fyrir dómi*

18. Ákærði kvaðst aðallega hafa starfað fyrir KFK ehf. á árunum 2014 til 2017, þar sem hann hafi stýrt veitingarekstri. Taldi ákærði að bókarí hafi aðstoðað sig við gerð persónulegra skattframtala, en mundi það ekki nákvæmlega. Aðspurður hvort það væri rétt sem fram

kæmi í skattframtölum að heildartekjur hans 2014 hafi verið 3.524.056 krónur, 2015 hafi þær verið 6.864.400 krónur, 2016 hafi þær verið 2.880.001 og 2017 hafi þær verið 4.810.000 krónur, kvaðst ákærði telja framtölin í meginatriðum rétt. Kvaðst hann einnig telja það rétt tilgreint í skattframtölunum að innistæður á erlendum bankareikningum og eign í erlendum hlutafélögum hafi verið 0 krónur.

19. Kannaðist ákærði aðspurður við að hafa átt erlenda bankareikninga og hlutafé í erlendum félögum. Hins vegar kannaðist hann ekki við að hafa fengið tilkynningu um rannsókn skattrannsóknarstjóra 9. febrúar 2019, þar sem skorað var á hann að afhenda yfirlit yfir hreyfingar á erlendum reikningum.
20. Kvaðst ákærði til viðbótar við framtaldar tekjur einnig hafa unnið happdrættisvinninga og fengið dagpeninga sem hann hafi framfleytt sér og fjölskyldu sinni með.
21. Nánar aðspurður um rekstur KFK ehf. kvað ákærði félagið hafa verið í veitingarekstri á skemmtistaðnum Shooters sem hann hafi stýrt. Hann hafi séð um daglegan rekstur, innkaup, greiðslur til starfsmanna o.fl. Stærstur hluti launa hafi verið greiddur í reiðufé til erlendra starfsmanna sem starfað hafi í skamman tíma og ekki átt bankareikninga hérlendis. Félagið hafi einnig rekið happdrættisvélar fyrir HHÍ og þurft að hafa reiðufé til greiðslu vinninga vegna þess. Um skattskil og fjármál hafi stjórnarformaður og bókari séð. Ákærði hafi aðstoðað við tekjuskráningu og haft fullkomna stjórn á henni. Skattskil hafi verið í höndum bókara og útreikningar þeim tengdir. A hafi verið bókari félagsins. B hafi væntanlega látið hann fá gögn vegna bókhalds, en ákærði hafi líka látið hann hafa einhver gögn. Mest hafi verið aðgengilegt í bankayfirlitum. Hann hafi verið í reglulegu sambandi við bókarann, m.a. vegna launagreiðslna. Ákærði kvaðst hafa greitt einhverja reikninga fyrir félagið. Hann hafi ekki gefið út neina reikninga. Tekjuskráningarkerfi félagsins hafi gefið þá út. Ákærði hafi verið með prókúru á bankareikninga félagsins til að geta greitt reikninga. Einnig hafi hann haft aðgang að bankareikningum félagsins til að geta haft nægt reiðufé til að greiða laun, kostnað og vinninga úr happdrættisvélum. Hann hafi verið með debetkort á reikninga félagsins.
22. Ákærði kannaðist við að félagið Fastrek ehf. hafi verið í hans eigu. Það hafi stundað útleigu fasteigna og meðal annars leigt KFK ehf. fasteignir.
23. Félagið Neostar capital ltd. kvaðst ákærði hafa átt með C, syni B. Aldrei hafi verið neinn rekstur í þessu félagi og það hafi lagst fljótt af.
24. Félagið Neostar 75 76 SL. kvaðst ákærði hafa stofnað 2017. Í því hafi heldur aldrei verið nein starfsemi. Ákærði kvaðst ekki muna hvort einhverjir fjármunir hafi runnið þar í gegn, annað en hlutafé frá ákærða. Félagið hafi átt að vera í fjárfestingum á Spáni, en af því hafi ekki orðið. Aðspurður um upplýsingar frá skattyfirvöldum á Spáni, sem aflað var undir rannsókn málsins, um bankareikninga þar í landi, annars vegar á nafni ákærða og eiginkonu hans og hins vegar á nafni félagsins Neostar 75 75 SL, kvað ákærði þetta

hafa verið óvirka reikninga. Engin starfsemi hafi verið í félaginu á Spáni þó það hafi staðið til.

25. Undir ákærða var borið yfirlit yfir ætlaðar vanframtaldar tekjur á árunum 2014 til 2017, sem ákæra byggir á. Kvaðst ákærði hafna þessu yfirliti. Hvað varðar greiðslur á bankareikningi hans með skýringunni „Innborgun á reikning verslunar“ þá hafi greiðslum til hans verið safnað saman í einn dálk og kallað „vanframtaldar tekjur“ að fjárhæð 32 milljónir króna, en litið fram hjá því að hann hafi sjálfur greitt KFK ehf. 54 milljónir króna.
26. Undir ákærða var borið yfirlit héraðssaksóknara yfir úttektir hans úr KFK ehf. 2016, sem beri með sér að eftir að tillit hafi verið tekið til greiðslna frá ákærða til félagsins, standi óútskýrð greiðsla til ákærða að fjárhæð 2.053.241 króna, sem ekki finnst gögn um í bókhaldi félagsins, en útreikningarnir byggist á samantekt á reikningi ákærða í Satabank á Möltu, sem skattyfirvöld öfluðu undir rannsókn málsins. Ákærði kvaðst telja þetta vera hluta af launum.
27. Undir ákærða var borið yfirlit héraðssaksóknara yfir ætlaðar óheimilar úttektir hans úr KFK ehf. á árinu 2017, samtals að fjárhæð 41.612.380 krónur. Ákærði kvað þessar greiðslur vera vegna launa og annarra hluta. Hann hafi einnig greitt félaginu, en telji ekki tekið tillit til þeirra greiðslna þarna. Hann hafi lagt mun meira inn á reikning félagsins, heldur en hann hafi fengið þaðan til baka.
28. Aðspurður um greiðslur til Neostar 75 76 SL., félags ákærða á Spáni, að fjárhæð samtals 59.046.804 krónur, sem gerð sé grein fyrir á skattframtali KFK ehf. fyrir árið 2017 undir skýringunni „Erlendir viðtakendur greiðslna“ og færslu 5. nóvember 2017 í bókhaldi félagsins undir skýringunni „Posar erlendis“ með mótfærslunni „Aðkeypt þjónusta erlendis án vsk“ kvaðst ákærði fullyrða að þessi greiðsla hafi ekki verið greidd inn á bankareikning félags hans. Þessi greiðsla hafi hvorki borist honum né félagi í hans eigu. Þetta sé færsla í skattframtali KFK ehf. sem hann beri ekki ábyrgð á. Ekkert viðskiptasamband hafi verið á milli KFK ehf. og Neostar og engin þjónusta seld á milli félaganna. Þarna hafi verið kominn nýr erlendur greiðslumiðlunaraðili, MyPos, og Neostar hafi verið notað sem greiðslumiðlunarnafn fyrir greiðslur til KFK ehf. frá viðskiptavinum Shooters. Vandræði hafi verið orðin gagnvart íslensku kortafyrirtækjunum vegna kvartana viðskiptavina Shooters yfir greiðslum. Íslensku kortafyrirtækin hafi hvert af öðru lokað á viðskipti við KFK ehf. Því hafi verið leitað annarra leiða til að geta tekið við kortagreiðslum frá viðskiptavinum Shooters. Greiðsluposar frá ýmsum aðilum hafi því verið fengnir að láni í þessu skyni. Á endanum hafi verið lokað á alla þessa aðila vegna kvartana viðskiptavina Shooters, en alþjóðakortafyrirtækin setji kvartanaþröskuld sem ekki megi fara yfir. Þessar færslur hafi síðan verið gerðar upp á milli KFK ehf. og þeirra aðila sem áttu greiðsluposana. Félagið Neostar, sem hafi verið í viðskiptum við MyPos, hafi sent greiðslubeiðni til MyPos um að greiðslum af posa Neostar yrði beint til KFK ehf. Peningurinn hafi því aldrei farið á

reikning Neostar. Ákærði kvaðst ekki hafa neina skýringu á framangreindri færslu í bókhaldi KFK ehf. Aðspurður um framburð sinn hjá héraðssaksóknara 28. september 2023 varðandi greiðslu framangreindrar fjárhæðar, 59.046.804 krónur, inn á reikning Neostar á Spáni, þar sem hann hafi sagt að þetta væru posagreiðslur, kvaðst ákærði ekki kannast við þennan framburð. Ekki væri rétt eftir sér haft. Ekkert fé hafi komið inn á reikning félagsins á Spáni.

29. Aðspurður um greiðslu úr félaginu Fastrek ehf. á reikning ákærða á Möltu á árinu 2017, að fjárhæð 5.163.432 krónur, kvaðst ákærði hafa átt inneign hjá félaginu. Er ákærða var bent á að tekið hafi verið tillit til inneignar hans samkvæmt bókhaldi félagsins kvaðst hann ekki geta útskýrt misræmi á milli bókhaldsgagna og þessarar greiðslu til hans.
30. Aðspurður um greiðslur frá félaginu Neostar á bankareikninga ákærða á Spáni og Möltu, samtals að fjárhæð 5.249.725 krónur, kvaðst ákærði halda að þetta væri endurgreiðsla á fé sem hann hafi lagt félaginu til við stofnun þess.
31. Aðspurður um innborganir á bankareikning ákærða hjá Íslandsbanka á árunum 2014 til 2016, samtals að fjárhæð 32.890.111 krónur, með skýringunni „Innborgun á reikning verslunar“ sagði ákærði að þarna væri um að ræða að hann hafi lánað posa til að taka við greiðslum frá viðskiptavinum Shooters. Hann hafi tekið við greiðslunum og millifært þær inn á KFK ehf. Peningarnir hafi aldrei verið í hans eigu. Þessi posi hafi verið notaður áður líka fyrir P&P áhugamannafélag um pókerspil og sennilega fyrir VIP travel ehf (Fastrek ehf.). Á þessum tíma hafi hann hins vegar eingöngu notað posann í þágu KFK ehf. Hann hafi verið búinn að eiga þennan posa í mörg ár.
32. *Vitnið A* kvaðst hafa annast bókhald KFK ehf. Kannaðist hann við að hafa hitt ákærða nýlega og rætt málið. Einnig hafi hann þá látið ákærða í té afrit af launaseðlum. Hann kvaðst ekki hafa annast persónulegt framtal ákærða, en vera kunni að hann hafi gert eitt framtal fyrir hann. Hann muni það ekki nákvæmlega. Hann hafi séð um launaútreikninga, bókhald og gerð skattframtala fyrir KFK ehf. Gögn varðandi laun hafi komið til hans frá ákærða, en einhver bókhaldsgögn hafi komið frá B og einhver frá ákærða. Hann hafi mest verið í samskiptum við ákærða, en þau samskipti hafi einkum varðað kortafærslur og athugasemdir viðskiptavina við þær. Hann minni að fyrirtækið hafi aldrei þurft að endurgreiða kortafærslu. Allar færslur fyrir 2018 og fyrr hafi stefnt. Erfitt hafi verið að stemma af greiðslur vegna lánsposa sem komið hafi úr svo mörgum áttum og verið skráðar á marga mismunandi aðila. Þá hafi vantað kostnaðarfærslu greiðslukortafyrirtækisins, þ.e. færslugjöld sem tekin hafi verið af greiðslunum sem hafi leitt til þess að greiðslurnar, sem félagið fékk millifærðar frá eigendum posanna, voru alltaf aðeins lægri en tekjufærslurnar í bókhaldi félagsins. Greiðslur í gegnum erlenda færsluhirðinn MyPos hafi verið millifærðar frá færsluhirðinum til KFK ehf.
33. Í störfum sínum sem bókari kvaðst vitnið oft hafa fengið fyrirmæli frá ákærða í tengslum við bókhaldið. Hann hafi verið minna í samskiptum við B.

34. Vitnið kvað reglulega hafa komið erlendar millifærslur frá Neostar. Shooters hafi verið með kassakerfi, afgreiðslukassa á sitt hvorri hæðinni og á öðrum kassanum minni hann að hafi bara verið lánsposi frá Neostar. Þessar færslur hafi allar verið merktar sem MyPos hvort sem þær voru vegna Neostar lánsposa eða posa KFK ehf. Engin aðgreining hafi verið á greiðslunum frá MyPos.
35. Varðandi færslu á skattframtali KFK ehf. fyrir árið 2017 undir heitinu „Erlendir viðtakendur – Neostar 59.048.804 kr.“ kvaðst vitnið ekki telja að þessi færsla í skattframtalinu væri rétt. Þetta væru hans mistök. Enginn reikningur hafi komið fyrir þessari fjárhæð og engin greiðsla hafi verið greidd. Þýðing færslunnar sé sú að skattur KFK ehf. hafi þá orðið lægri vegna þessarar upphæðar. Vitnið hafi gert þetta í því skyni að lækka skattgreiðslur félagsins. Hann muni ekki hvers vegna hann hafi ákveðið að rangfæra skattframtalið í þessum tilgangi né við hvern hann hafi rætt í sambandi við það. Vitnið kannaðist við að hafa rætt þetta við ákærða nýlega og hann hafi fengi ákúrus fyrir þessa færslu. Vitnið neitaði að hafa rætt framburð sinn fyrir dómi við ákærða.
36. Upplýsingar um laun starfsmanna kvað vitnið hafa komið til hans í Excel. Hann hafi reiknað þau út í samræmi við það og sent skilagreinar til lífeyrissjóða og Skattsins. Greiðslur vegna þess hafi verið í skilum. Samkvæmt hans upplýsingum hafi sumar erlendu starfsstúlkanna fengið greitt í reiðufé, en aðrar í gegnum banka.
37. Vitnið B kvaðst vera öryrki. Hún hafi verið skráður eigandi og framkvæmdastjóri fyrirtækisins KFK ehf. Hún hafi fengið lágmarkslaun fyrir stjórnarsetu þar. Aðkoma hennar að félaginu hafi verið mjög takmörkuð. Hún hafi engan þátt tekið í daglegum rekstri eða fjármálastjórn félagsins. Ákærði hafi verið framkvæmdastjóri félagsins og annast daglegan rekstur þess.
38. Vitnið kannaðist ekki við félagið Neostar. Kvað hún framtöl KFK ehf. ugglaut hafa verið borin undir hana, en kvaðst muna þetta illa. Vitnið mundi ekki eftir skattframtali þar sem greiðsla til Neostar kemur fram.

#### *Niðurstaða*

39. Ákærða er gefið að sök meiriháttar brot gegn skattalögum með því að hafa staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2015 til 2018 og vanframtalið tekjur þessi ár samtals að fjárhæð 87.002.508 krónur og þannig komið sér hjá því að greiða tekjuskatt og útsvar samtals að fjárhæð 38.792.544 krónur. Annars vegar hafi ákærði vanrækt að telja fram úttektir úr rekstri KFK ehf., Fastrek ehf. og Neostar 75 76 SL, að fjárhæð samtals 54.112.397 krónur og hins vegar vanframtalið 32.890.111 krónur sem hafi borist inn á bankareikning ákærða með skýringunni „Innborgun á reikning verslunar“. Eru brot ákærða talin varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

40. Ákærði neitar sök. Helstu varnir ákærða eru þær að umræddir fjármunir hafi aldrei tilheyrt honum, heldur hafi þeir tilheyrt félaginu KFK ehf. Ýmist hafi hann endurgreitt félaginu fjármuni þess sem hann hafi fengið í hendur eða hann hafi aldrei fengið tiltekna fjármuni í hendur. Af þeirri ástæðu sé ekki um vanframtaldar tekjur að ræða. Þá hafi ákærði alla jafna átt fjárkröfur á hendur KFK ehf., sem hafi hvoru tveggja verið launakröfur og kröfur vegna útlagðs kostnaðar hans fyrir félagið. Ákærði hafi annast greiðslu launa til starfsmanna félagsins sem yfirleitt hafi verið greidd út í reiðufé. Greiðslur félagsins til ákærða hafi að talsverðu leyti verið greiðslur vegna þessa, en samkvæmt gögnum málsins tók ákærði út 109.000.000 króna í reiðufé frá félaginu á tímabilinu. Einnig bendir ákærði á að félagið hafi verið með samning við Happpdrætti Háskóla Íslands um rekstur spilakassa sem hafi gert að verkum að reiðufé hafi þurft að vera til staðar í rekstrinum til útgreiðslu vinninga og skýri það reiðufjárúttektir ákærða að einhverju leyti. Í gögnum málsins kemur fram að færslur vegna HHÍ hafi verið sérstaklega tilgreindar í bókhaldinu og verður ekki séð að þær séu á meðal ætlaðra vanframtalinna tekna ákærða.

41. Verður nú vikið nánar annars vegar að ætluðum óheimilum úttektum ákærða úr rekstri KFK ehf., Fastrek ehf. og Neostar 75 76 SL, að fjárhæð samtals 54.112.397 krónur, og hins vegar að ætluðum greiðslum að fjárhæð 32.890.111 krónur sem hafi borist inn á bankareikning ákærða með skýringunni „Innborgun á reikning verslunar“.

*Úttektir úr rekstri KFK ehf., Fastrek ehf. og Neostar 75 76 SL, að fjárhæð samtals 54.112.397 krónur*

42. Ákærði hefur viðurkennt eignarhald sitt og yfirráð yfir félögunum Fastrek ehf. og Neostar 75 76 SL. Hann hefur á hinn bóginn reynt að gera minna úr aðkomu sinni að KFK ehf. Undir rannsókn málsins kvaðst ákærði í fyrstu aðallega hafa annast starfsmannamál félagsins, en síðar fjármálastjórn og loks daglega stjórn. Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa annast veitingarekstur, innkaup, starfsmannamál, greiðslu launa og daglegan rekstur, en fjármál og skattskil hafi verið á ábyrgð vitnanna B og A. Gögn málsins og framburðir vitna á rannsóknarstigi og framangreindra vitna fyrir dómi bera hins vegar með sér að ákærði hafi í raun verið forsvarsmaður félagsins og haft öll ráð þess í hendi sér. Þrátt fyrir að hafa hvergi opinberlega verið skráður forsvarsmaður félagsins eða prókúruhafi, þá hafði hann fullan aðgang að bankareikningum félagsins, ráðstafaði fjármunum þess og stýrði daglegum rekstri. Aðkoma skráðs eiganda og forsvarsmanns félagsins, vitnisins B, virðist í raun hafa verið til málamynda. Samkvæmt rannsóknargögnum kvaðst hún ekkert hafa greitt fyrir félagið, það hafi einfaldlega verið skráð á hennar nafn og hún skráð sem forsvarsmaður þess. Frá upphafi hefur framburður hennar staðfastlega verið á þann veg að hún hafi litla sem enga aðkomu haft að rekstrinum, hann hafi verið í höndum ákærða. Fer framburður hennar saman við framburði starfsmanna félagsins sem rætt var við á rannsóknarstigi, sem litu á ákærða sem eiganda og stjórnanda félagsins. Framburður vitnisins A styður einnig þá ályktun að

ákærði hafi í raun stýrt félaginu, en samskipti vitnisins varðandi bókhald og fjármál félagsins hafi að mestu verið við ákærða og hann hafi gefið fyrirmæli þar að lútandi. Kom skýrt fram hjá vitninu að hann hafi borið skattframtöl og ársreikninga félagsins undir ákærða áður en þeim hafi verið skilað til skattyfirvalda. Þykir framburður ákærða um takmarkaða aðkomu sína ótrúverðugur og verður lagt til grundvallar að hann hafi í raun verið forsvarsmaður félagsins og þar með allra framangreindra félaga.

43. Samkvæmt rannsóknargögnum greiddi KFK ehf. 2.053.241 króna inn á bankareikning ákærða hjá Satabank á Möltu á árinu 2016 sem hvorki var gerð grein fyrir í bókhaldi félagsins né skattframtali ákærða, en ákærði upplýsti ekki um bankareikninginn á skattframtali sínu. Því til viðbótar sýndi árslokastaða viðskiptareiknings ákærða hjá félaginu 2016 að í hans hlut hafi komið 33.619 krónur sem ákærði gerði ekki grein fyrir á skattframtali sínu. Að mati ákærvaldsins voru óheimilar úttektir ákærða hjá félaginu á árinu 2016 því samtals 2.086.860 krónur.
44. Rannsóknargögn bera ennfremur með sér að á árinu 2017 hafi félagið greitt 5.258.800 krónur inn á bankareikning ákærða hjá Sabadell á Spáni og 4.963.584 krónur inn á reikning hans á Möltu, en hvorki er gerð grein fyrir greiðslunum í bókhaldi KFK ehf. né heldur skattframtali ákærða. Ákærði lét undir höfuð leggjast að upplýsa um þessa erlendu bankareikninga sína á skattframtali.
45. Skýringar ákærða á framangreindum greiðslum á erlenda bankareikninga í hans eigu frá KFK ehf. hafa tekið breytingum undir rannsókn málsins. Ákærði sjálfur kaus að tjá sig ekki er hann var spurður um þær í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra. Í framburði hjá héraðssaksóknara vísaði ákærði til skriflegra andmæla lögmanns hans gagnvart skattrannsóknarstjóra. Í andmælunum kom fram að þessar greiðslur væru vegna posagreiðslna sem tilheyrðu rekstri KFK ehf. og hefðu verið millifærðar til baka þangað. Yfirlit yfir framangreinda bankareikninga, sem aflað var undir rannsókn málsins, sýndu ekki fram á neinar greiðslur af reikningunum til KFK ehf. Ákærði lagði sjálfur ekki fram nein gögn sem studdu þessa staðhæfingu hans um að féð hafi verið endurgreitt til KFK ehf. Fyrir dómi kvaðst ákærði telja þetta vera hluta af launum. Hann hafi einnig greitt félaginu fjármuni og hafi lagt mun meira inn á reikning þess, en hann hafi fengið þaðan til baka. Af gögnum málsins verður ekki annað séð en að fyllilega hafi verið tekið tillit til þeirra greiðslna sem reikningar báru með sér að hafi borist frá ákærða til félagsins. Framburður ákærða fyrir dómi á þann veg að hann telji þetta hafa verið launagreiðslur stangast á við málatilbúnað hans á fyrri stigum varðandi þessar greiðslur. Þá bar ákærði fyrir héraðssaksóknara 2. maí 2024 að hann hafi fengið laun sín frá KFK ehf. greidd inn á reikning sinn hjá Íslandsbanka, en fyrir liggur að á umræddu tímabili fékk ákærði greiddar 37.343.209 krónur inn á reikning sinn frá KFK ehf. Því til viðbótar tók hann út 109.055.430 krónur í reiðufé af reikningum félagsins á tímabilinu, sem ekki liggja fyrir fullnægjandi skýringar á og verður því ekki séð að hann hafi átt óuppgerðar launakröfur á hendur félaginu. Eru skýringar ákærða ótrúverðugar að mati dómsins. Telst sannað

samkvæmt gögnum málsins að ákærði hafi mótttekið framangreindar greiðslur án þess að gera grein fyrir þeim á skattframtali sínu.

46. Ennfremur kemur fram á skattframtali KFK ehf. að það hafi greitt spænka félaginu Neostar 75 76, sem ákærði hefur viðurkennt að eiga að fullu, 59.046.804 krónur á árinu 2017. Framburður ákærða varðandi þessa greiðslu hefur verið á reiki. Hjá skattrannsóknarstjóra neitaði hann að tjá sig um greiðsluna. Í skýrslu hjá héraðssaksóknara 28. september 2023, sem dómurinn hefur hlýtt á upptökur af, sagði ákærði í fyrstu að þetta væri ekki rétt, en sagði síðan að þessar 59 milljónir væru posagreiðslur sem hefðu allar skilað sér til baka til KFK ehf. Um hefði verið að ræða greiðsluposa sem hefði verið notaður til að taka við tekjum KFK ehf. Ástæða þessa fyrirkomulags hafi verið sú að íslensku greiðslumiðlunarfyrtækin hafi verið búin að loka fyrir kortaviðskipti við KFK ehf. og mikill glundroði orðið vegna þess. Því hafi verið brugðið á það ráð að opna greiðslumiðlun í nafni annars fyrirtækis, en allt hefði verið tekjuskráð hjá KFK ehf. Peningarnir hefðu síðan skilað sér til baka til KFK ehf. Aðspurður hvort hægt væri að sjá innborgun frá Neostar upp á 59 milljónir til KFK ehf. á yfirlitum félagsins sagðist ákærði telja svo vera. Kvaðst hann ekki muna hvort þetta hafi verið millifært í mörgum færslum.
47. Engar greiðslur til eða frá Neostar fundust á bankareikningum KFK ehf. Í bókhaldi félagsins fannst hins vegar færsla þann 5. nóvember 2017 með tilvísuninni "Neostar" á bókhaldslykli með heitinu "Posar erlendir" að fjárhæð 64.351.800 krónur og mótbókun á bókhaldslykil með heitinu "Aðkeypt þjónusta erlendis (án vsk)." Ekkert fylgiskjal fannst í bókhaldinu tilheyrandi færslunni. Bókari félagsins, vitnið A, sagðist í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra ekki geta útskýrt þessa færslu vegna Neostar. Í framburði hjá héraðssaksóknara sagðist A ekki muna fyrir hvað verið væri að greiða, en taldi að um umboðslaun gæti verið að ræða en kvaðst ekki vita fyrir hvað. Fyrir dómi var framburður A varðandi þessa færslu á skattframtali félagsins fyrst á þann veg að um mistök af hans hálfu hafi verið að ræða. Enginn reikningur hafi komið fyrir þessari fjárhæð og engin greiðsla hafi verið greidd. Spurður um nánari skýringar kvaðst hann hafa gert þetta í því skyni að lækka skattgreiðslur félagsins. Aðspurður kvaðst hann hvorki muna hvers vegna hann hafi ákveðið að rangfæra skattframtalið í þessum tilgangi né hvern hann hafi rætt við í sambandi við það. Viðurkenndi vitnið að ákærði hafi rætt þetta við sig nýlega, en neitaði að hafa rætt fyrirhugaðan framburð sinn fyrir dómi við ákærða.
48. Fullyrti vitnið einnig að reglulega hafi komið erlendar millifærslur frá Neostar. Þær hafi hins vegar ekki verið sérstaklega aðgreindar frá öðrum greiðslum frá erlenda færsluhirðinum MyPos sem hafi verið vegna greiðsluposa í eigu félagsins KFK ehf. sjálfs.
49. Eins og rakið er að framan fullyrti ákærði fyrir dómi að þessi fjárhæð, 59.046.804 krónur, hafi hvorki verið greidd inn á bankareikninga Neostar 7576 SL né hafi hún borist honum

sjálfum. Greiðsluposi frá Neostar hafi verið notaður til að taka við greiðslum frá viðskiptavinum Shooters, en þessa peninga hafi hann síðan millifært til KFK ehf. Síðar sagði ákærði að peningurinn hafi aldrei farið inn á reikning Neostar þar sem hann hafi sent greiðslufyrirmæli til MyPos um að greiðslum af posa Neostar yrði beint til KFK ehf.

50. Að mati dómsins hafa bæði framburðir ákærða og vitnisins A verið óljósir og reikulir um skýringar á framangreindri færslu og metur dómurinn þá ótrúverðuga. Þykir breyttur framburður A fyrir dómi bera þess merki að hann leitist við að koma ákærða undan sök. Báðir hafa þeir borið á þá leið að greiðsluposi í eigu Neostar hafi verið notaður á veitingastaðnum Shooters til þess að taka við greiðslum frá viðskiptavinum KFK ehf. sem hafi verið tekjufærðar í bókhaldi KFK ehf. Bókhaldsgögn staðfesta þetta, sbr. bókhaldslykilinn "Posar erlendir" að fjárhæð 64.351.800 krónur sem getið var að framan. Báðir fullyrtu þeir jafnframt að þessir fjármunir hafi verið endurgreiddir frá Neostar, ýmist á þann veg að þeir hafi verið millifærðir af reikningum félagsins til KFK ehf. eða að erlendi færsluhirðirinn MyPos hafi ráðstafað greiðslum, sem innheimtar voru með greiðsluposa í eigu Neostar, beint til KFK ehf. án þess að fjármunirnir væru fyrst greiddir á reikning Neostar. Engar greiðslur frá Neostar fundust hins vegar við rannsókn málsins í gögnum KFK ehf. og um slíkar greiðslur er ekki getið í bókhaldi félagsins. Þá hefur ákærði hvorki skilað yfirliti yfir bankareikninga Neostar, yfirliti yfir viðskiptareikning félagsins hjá MyPos né skilað neinum öðrum gögnum sem sýnt gætu fram á réttmæti staðhæfinga hans um að greiðslurnar hafi raunverulega verið endurgreiddar til KFK ehf. eftir að þær voru innheimtar í gegnum greiðsluposa Neostar hjá MyPos. Skorað var á ákærða undir rannsókn málsins að leggja fram gögn máli sínu til stuðnings, en hann varð ekki við því. Án slíkra gagna eru staðhæfingar ákærða haldlausar. Telst samkvæmt framansögðu og gögnum málsins að öðru leyti hafið yfir skynsamlegan vafa að framangreindir fjármunir, 59.046.804 krónur, hafi runnið úr félaginu KFK ehf. til félags ákærða, Neostar 75 76 SL, en ekki skilað sér þangað aftur. Þetta hafi síðan verið stemmt af í bókhaldi KFK ehf. með færslunni „Aðkeypt þjónusta erlendis (án vsk)“ og tilgreint á skattframtali félagsins.
51. Samtals námu framangreindar greiðslur úr rekstri KFK ehf. til ákærða 71.322.429 krónum. Samkvæmt stöðu viðskiptareiknings ákærða hjá félaginu í árslok 2017 námu greiðslur frá honum til félagsins 27.623.139 krónum umfram uppgefnar greiðslur til hans frá félaginu. Var þessi fjárhæð dregin frá ætluðum óheimilum og vanframtöldum úttektum ákærða úr félaginu, sem samkvæmt því námu samtals 41.612.380 krónum 2017 og 43.699.240 krónum fyrir bæði árin 2016 og 2017.
52. Þá leiddi rannsóknin í ljós að greiddar hefðu verið 9.784.129 krónur inn á reikning ákærða á Möltu frá félagi hans Fastrek ehf., sem ekki var gerð grein fyrir í bókhaldi félagsins. Samkvæmt bókhaldinu átti ákærði inneign hjá félaginu upp á 4.620.697 krónur sem kom til frádráttar og nam hin ætlaða vanframtalda greiðsla til ákærða frá félaginu því 5.163.432 krónum. Ákærði kaus að tjá sig ekki um greiðsluna í skýrslugjöf hjá

skattrannsóknarstjóra, en lögmaður hans skilaði skriflegum andmælum. Í framburði sínum hjá héraðssaksóknara vísaði ákærði til andmæla lögmanns síns, þar sem fram kom að þessar millifærslur væru vegna útlagðs kostnaðar. Ákærði hefur ekki stutt þessar skýringar neinum gögnum. Í framburði sínum fyrir dómi kvaðst ákærði ekki hafa skýringar á misræmi í bókhaldsgögnum varðandi þessa greiðslu. Hefur ákærði ekki komið fram með haldbærar varnir sem hnekkja framangreindri niðurstöðu og telst því sannað samkvæmt gögnum málsins að hann hafi vanrækt að telja þessar tekjur fram á skattframtali sínu.

53. Loks voru samkvæmt rannsóknargögnum greiddar 1.222.500 krónur frá Neostar, félagi ákærða, inn á reikning hans á Spáni og 4.027.225 krónur inn á reikning hans á Möltu á árinu 2017, eða samtals 5.249.725 krónur. Sem fyrr kaus ákærði að tjá sig ekki gagnvart skattrannsóknarstjóra, en lögmaður hans skilaði skriflegum andmælum, sem ákærði vísaði til í framburði sínum hjá héraðssaksóknara. Kom þar fram að ákærði myndi ekki hvernig þetta væri til komið, en að hann teldi að um væri að ræða arðgreiðslur eða endurgreiðslu vegna útlagðs kostnaðar. Ennfremur kom fram að um væri að ræða tekjur KFK ehf. vegna posanotkunar sem hafi verið endurgreiddar. Kom það jafnframt fram í greinargerð ákærða sem liggur fyrir í málinu. Engar greiðslur voru hins vegar framkvæmdar af reikningi Neostar til KFK ehf., samkvæmt yfirliti sem liggur fyrir í málinu. Þá hafa engar skýringar komið fram af hálfu ákærða á því hvers vegna tekjur KFK ehf., innheimtar með greiðsluposum frá ákærða, hefðu ratað inn á erlenda bankareikninga hans. Í fjármálagreiningu héraðssaksóknara er bent á að fjárhæðin 5.249.725 krónur rúmist innan þess mismunar sem er á milli þeirrar greiðslu sem talin er fram í skattframtali KFK ehf. sem greiðsla til Neostar (59.046.800 krónur) og þeirrar fjárhæðar sem bókuð er í bókhald KFK ehf. (64.351.800 krónur) sem „Neostar“ undir lyknum „aðkeypt þjónusta“ og „posar erlendir“. Ákærði lagði engin gögn fram til stuðnings staðhæfingum sínum. Fyrir dómi kvaðst ákærði halda að þetta væri endurgreiðsla fjár sem hann hafi lagt Neostar til við stofnun þess. Eru varnir ákærða hér sem fyrr misvísandi og engum gögnum studdar, þrátt fyrir að ákærði hafi haft ríkt tilefni til að leggja fram gögn máli sínu til stuðnings. Telst sannað samkvæmt gögnum málsins að ákærði hafi mótttekið umræddar greiðslur inn á erlenda bankareikninga sína, en vanrækt að telja þær fram sem skattskyldar tekjur.

54. Samkvæmt öllu framansögðu telst sannað að ákærði hafi eins og í ákæru greinir vanframtalið úttektir úr félögunum KFK ehf., Fastrek ehf. og Neostar 7576 SL að fjárhæð 54.112.397 krónur sem skattskyldar voru sem tekjur samkvæmt 1. tölulið A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt.

*Greiðslur að fjárhæð 32.890.111 krónur inn á bankareikning ákærða með skýringunni „Innborgun á reikning verslunar“*

55. Í skýrslu hjá héraðssaksóknara 2. maí 2024 var ákærði spurður um mikinn fjölda færslna á persónulegum bankareikningi hans hjá Íslandsbanka á tímabilinu 2014 til 2018 sem

báru með sér að um 40 milljónum króna meira hafi komið inn á reikninginn heldur en hafi farið út af honum. Sagði ákærði þessar greiðslur að langmestu leyti vera tengdar pókerspilum í áhugamannaklúbbi um póker sem hann hafi haldið utan um. Pókerspilarar hefðu greitt inn á posa í hans eigu og hann síðan séð um að ráðstafa greiðslunum réttilega til vinningshafa hverju sinni. Sjálfur hafi hann verið á kafi í póker á þessum tíma. Reikningurinn ætti að stemma þannig að jafnvægi væri í inngreiðslum og útgreiðslum. Hann hafi engar tekjur haft af þessari starfssemi. Færslurnar væru ekki kostnaður vegna KFK ehf. Neitaði ákærði því að hann hafi verið að greiða laun fyrir félagið. Hafði ákærði ekki skýringar á því hvers vegna greiðslurnar stemmdu ekki. Sagðist hann þó líka hafa fengið laun frá KFK ehf. inn á reikninginn og eitthvað annað sjálfur.

56. Samkvæmt yfirliti yfir bankareikning ákærða hjá Íslandsbanka voru greiddar 32.890.111 krónur inn á reikninginn merktar "Innborgun á reikning verslunar" á tímabilinu 6. febrúar 2014 til og með 5. desember 2016. Nánar tiltekið voru 15.538.201 krónur greiddar inn á reikninginn 2014, 14.127.300 krónur 2015 og 3.224.610 krónur 2016. Ákærði kaus að tjá sig ekki í skýrslutöku hjá skattrannsóknarstjóra varðandi hvaða innborganir þetta væru. Í andmælabréfi við skýrslu skattrannsóknarstjóra frá lögmanni ákærða, dags. 14. maí 2021, kemur fram að umræddar greiðslur hafi tilheyrt rekstri KFK ehf., en þær hafi verið til komnar vegna notkunar á greiðsluposa í eigu ákærða í rekstri félagsins og hafi ákærði millifært þær aftur til félagsins.
57. Í framburði sínum hjá héraðssaksóknara 26. september 2023 sagði ákærði einnig að þessar innborganir hafi verið vegna greiðsluposa sem hann hafi verið með í sínu nafni og það ættu að sjást innborganir á bankareikningi KFK ehf. frá honum vegna þessa.
58. Í framburði sínum 5. júní 2024 hjá héraðssaksóknara sagði ákærði að greiðslur merktar "Innborgun á reikning verslunar" hefðu verið vegna greiðsluposa sem hann hefði verið með vegna P&P áhugamannafélags, Fastrek ehf. og KFK ehf. Allt hefði verið greitt til baka. Fyrir dómi bar ákærði á sama veg og fram kom í andmælabréfi lögmanns hans til skattrannsóknarstjóra, þ.e. að framangreindar innborganir á reikning hans hjá Íslandsbanka á öllu tímabilinu hafi alfarið verið vegna notkunar á greiðsluposa hans í rekstri KFK ehf.
59. Einungis var að finna eina greiðslu að fjárhæð 220.000 krónur frá ákærða á reikningi KFK ehf. fyrir árið 2014, en á því ári bárust greiðslur að fjárhæð 15.538.201 krónur inn á reikning ákærða vegna greiðsluposa eins og áður segir. Kemur skýring ákærða því ekki heim og saman við gögn málsins.
60. Á árinu 2015 var einungis að finna greiðslu að fjárhæð 2.768.000 krónur frá ákærða inn á reikning KFK ehf. Greiðslan var hins vegar bókuð á reikning ákærða sem lánardrottins í bókhaldi félagsins, en ekki sem tekjur félagsins. Önnur gögn málsins sýna ekki fram á að ákærði hafi greitt til félagsins þær 14.127.300 krónur sem runnu inn á reikning hans á árinu merktar "Innborgun á reikning verslunar".

61. Á árinu 2016 voru greiddar 55.298.441 króna af reikningi ákærða á reikning KFK ehf. Af þeirri fjárhæð voru 2.308.000 krónur bókaðar í bókhaldi félagsins á ákærða sem lánardrottinn, en ekki sem tekjur félagsins. Mismunurinn samtals 52.990.441 krónur var greiddur inn á reikning ákærða af föður hans Jósteini Kristjánssyni, sem ákærði greiddi síðan strax áfram til KFK ehf. Í athugasemd við 7 færslur af 10 voru þessar færslur auðkenndar sem greiðslur vegna posa. Í bókhaldi félagsins eru 9 af þessum 10 færslum bókaðar á reikning 7647 "Posar gegnum kgj" sem ber með sér að þessar 10 greiðslur hafi verið vegna greiðsluposa sem Jósteinn Kristjánsson hafi verið með, enda komu greiðslurnar frá honum, en eins og áður segir voru notaðir greiðsluposar frá fjölda aðila í starfsemi félagsins. Gögn málsins styðja ekki staðhæfingu ákærða um að hann hafi greitt KFK ehf. þær 3.224.610 krónur sem hann fékk greiddar inn á reikning sinn á árinu 2016 sem tilgreindar voru sem "Innborgun á reikning verslunar".
62. Samkvæmt framangreindu verður fallist á það með ákærvaldinu að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi mótttekið 32.890.111 krónur inn á bankareikning sinn á tímabilinu, sem skattskyldar eru sem tekjur samkvæmt 1. mgr. 7. gr., sbr. 9. tölulið C-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt, eins og tilgreint er í ákæru, en hafi vanrækt að telja þær fram til skatts.
63. *Heimfærsla, saknæmi, ákvörðun viðurlaga og sakarkostnaðar.* Samkvæmt framansögðu telur dómurinn sannað að ákærði hafi staðið skil á efnislega röngum skattframtölum gjaldárin 2015 til 2018 með því að vantelja þar tekjur sínar samtals um 87.002.508 krónur eins og í ákæru greinir og verður hann sakfelldur í samræmi við það. Af hálfu ákærða kom fram að hann taldi bókkara hafa aðstoðað sig við gerð persónulegra framtala. Bókarinn, A, kannaðist ekki við að hafa komið að framtalsgerð fyrir ákærða, en kvað geta verið að hann hafi aðstoðað hann við gerð eins skattframtals. Þótt ákærði kunni að hafa notið aðstoðar kunnáttumanns við gerð skattframtals leysir það hann ekki undan ábyrgð á skattskilum sínum, enda hvílir framtalsskyldan á honum sjálfum, sbr. 2. mgr. 90. gr. laga nr. 90/2003, sbr. einnig dóm Hæstaréttar frá 23. janúar 2014 í máli nr. 323/2013. Þau skilyrði refsinnæmis eru tiltekin í 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 að rangt eða villandi sé talið fram vegna ásetnings eða stórfellds hirðuleysis framteljanda. Skilyrði 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eru með sama hætti ásetningur eða stórfellt gáleysi.
64. Ákærði bar ábyrgð á því að gefa fyrrgreindar tekjur sínar upp til skatts. Hefur hann ekki gefið haldbærar skýringar á vanrækslu sinni í þeim efnislegum sem virða ber honum hið minnsta til stórkostlegs hirðuleysis í skilningi 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003, sbr. og 22. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt dómaframkvæmd teljast hinar vanframtöldu fjárhæðir verulegar. Eykur það jafnframt á saknæmi brotsins að ákærði gerði hvorki grein fyrir eignarhaldi sínu á Fastrek ehf. né á hinum erlendu Neostar félögum og erlendum bankareikningum í hans eigu og að brot hans tekur til efnislega rangra skattframtala fjögur ár í röð. Samkvæmt framansögðu telst brot ákærða

meiri háttar og með vísan til 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga verður háttsemin einnig heimfærð undir 1. mgr. ákvæðisins.

65. Ákærði er fæddur í janúar 1973. Samkvæmt framlögðu sakavottorði ákærða, dagsettu 10. september 2025, var ákærði með dómi Hæstaréttar 15. desember 2016 í máli nr. 829/2015 dæmdur til að sæta fangelsi í átján mánuði fyrir fjárhættuspilastarfsemi og peningaþvætti, sbr. 183. og 184. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Var fimmtán mánuðum refsingarinnar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Með dómi Landsréttar 26. mars 2021 í máli nr. 215/2019 var ákærði dæmdur fyrir innherjasvik samkvæmt lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, en brotin sem hann var sakfelldur fyrir framdi ákærði að hluta fyrir uppkvaðningu nefnds dóms Hæstaréttar og að hluta til eftir og var honum því bæði dæmdur hegningarauki við dóm Hæstaréttar og litið til skilorðsrofs hans á þeim dómi og ákærða gert að sæta fangelsi í þrjú ár og sex mánuði. Brot þau sem ákærði er nú sakfelldur fyrir framdi hann fyrir uppkvaðningu nefnds dóms Landsréttar og ber því að ákveða refsingu fyrir brotin sem hegningarauka við dóm Landsréttar, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga.
66. Rannsókn málsins hófst 9. febrúar 2019 hjá skattrannsóknarstjóra, sem að lokinni rannsókn sinni vísaði málinu til héraðssaksóknara til áframhaldandi rannsóknar og ákvarðanatöku um refsimeðferð með bréfi 17. september 2021. Ákæra var síðan gefin út 11. september 2025, tæpum fjórum árum eftir að málið barst héraðssaksóknara. Þrátt fyrir að málið sé umfangsmikið og ákærði hafi síður en svo lagt sig fram um að liðsinna við rannsókn þess þá þykir þessi dráttur á málsmeðferð fara í bága við 2. málslíð 3. mgr. 18. gr. og 2. málslíð 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar. Verður þetta virt ákærða til mildunar við ákvörðun refsingar.
67. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að brot ákærða stóðu yfir í langan tíma, um háar fjárhæðir var að ræða og saknæmisstig hátt, sem virða ber til þyngingar. Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.
68. Samkvæmt 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 verður ákærða jafnframt gerð sektarrefsing, sem skal aldrei nema lægri fjárhæð en tvöfaldri fjárhæð vanskilanna og ekki hærri fjárhæð en sem nemur útfaldri fjárhæð þeirra. Verður að framangreindu virtu, ekki síst vegna þess dráttar sem orðið hefur á meðferð málsins, miðað við tvöfalda fjárhæð vangreiddra gjalda, sbr. til dæmis til hliðsjónar dóma Landsréttar í málum nr. 168/2021, nr. 247/2023 og nr. 738/2023. Skal ákærði samkvæmt því greiða 77.585.088 króna sekt til ríkissjóðs innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Vararefsing ákærða er með hliðsjón af viðmiðunarreglum dómstólasýslunnar nr. 1/2020 ákveðin 360 daga fangelsi.
69. Með vísan til þeirra lagaákvæða sem tilgreind eru í ákæru er fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins eins og í dómsorði greinir.

70. Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Heiðars Ásberg Atlasonar lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir að meðtöldum virðisaukaskatti. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.

71. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Sigríður Árnadóttir aðstoðarsaksóknari.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 12. janúar sl.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Kristján Georg Jósteynsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði 77.585.088 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi 360 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði sæti upptöku á 780 CAD, 550 GBP, 115 EUR. 4.500 DKK, 900 NOK, 96 USD og 270.080 krónum, ásamt áföllnum vöxtum frá haldlagningardegi 25. mars 2019.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Heiðars Ásberg Atlasonar lögmanns, 4.947.600 krónur.

Hlynur Jónsson